



# UPPLÝSINGARIT

## SEÐLABANKA ÍSLANDS

Nr. 5

### Nýir staðlar greiðslujafnaðar og erlendar stöðu þjóðarbúsins

*Seðlabanki Íslands hefur birt hagtölur greiðslujafnaðar og erlendar stöðu þjóðarbúsins samkvæmt nýjum stöðlum. Tilgangurinn með breytingunum er að hagtölurnar endurspegli betur utanríkisviðskipti og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á hagtölunum og áhrifum þeirra.*

2. september 2014

Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbref: 569 9605

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Veffang: www.sedlabanki.is

Ritstjórn:

Rannveig Sigurðardóttir

Gerður Ísberg

Harpa Jónsdóttir

Tómas Örn Kristinsson

5. rit september 2014

Vefrit

ISSN 2251-5682

Öllum er frjálst að nota efni úr *Upplýsingaritinu* en þess er óskað að getið sé heimildar.

**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

# Nýir staðlar greiðslujafnaðar og erlendarar stöðu þjóðarbúsins

Seðlabanki Íslands hefur birt hagtolur greiðslujafnaðar og erlendarar stöðu þjóðarbúsins samkvæmt nýjum stöðlum. Tilgangurinn með breytingunum er að hagtolurnar endurspegli betur utanríkisviðskipti og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Til að standast alþjóðlegan samanburð fylgir Seðlabanki Íslands alþjóðlegum staðli við uppgjör á greiðslujöfnuði og erlendri stöðu þjóðarbúsins. Staðallinn er gefinn út af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum en aðildarþjóðir hans gangast undir að fylgja honum. Árið 2009 gaf Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn út sjöttu útgáfuna af staðlinum *Balance of Payments and International Investment Position Manual, 6th edition (BPM6)*<sup>1</sup> sem kemur í stað fimmtu útgáfunnar (BPM5)<sup>2</sup> sem gefin var út árið 1993 og innleidd hér á landi árið 1996. Sjötta útgáfan var unnin í nánu samstarfi við hagtolunefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á sviði greiðslujafnaðar og víðtækt samráð var haft við aðrar alþjóðastofnanir, þar á meðal Seðlabanka Evrópu (ECB), Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Alþjóðabankann (World Bank), Sameinuðu þjóðirnar (UN) o.fl. Þessi víðtæka samvinna hefur leitt af sér aukið samræmi við staðla fyrir hagtolur þjóðhagsreikninga (*System of National Accounts*,<sup>3</sup> SNA) og staðla OECD fyrir beina erlenda fjárfestingu (*OECD Benchmark Definition of Foreign Direct Investment, 4th edition*).<sup>4</sup> Nú þegar hafa lönd eins og Ástralía, Bandaríkin, Kanada o.fl. innleitt hina nýju staðla. Sömu staðlar verða innleiddir hjá öðrum Evrópuþjóðum nú á haustmánuðum. Samhliða innleiðingunni hér á landi í september mun Hagstofa Íslands innleiða nýja staðla fyrir þjóðhagsreikninga og þjónustu- og vöruviðskipti. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á hagtolunum og áhrifum þeirra.

## Aðferðafræði og framsetning hagtalnanna

Breytingar á aðferðafræði og framsetningu hagtalnanna eru nokkuð margar. Hér verður farið yfir almennar breytingar sem ganga í gegnum alla liði hagtalnanna, þ.e. greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins, en farið verður nánar út í veigameiri breytingar hér að neðan. Eins og áður kom fram munu breytingarnar leiða af sér aukið samræmi við aðrar hagtolur. Meðal þess sem notendur munu verða varir við er algert samræmi milli hugtaka í greiðslujöfnuði og þjóðhagsreikningum. Skilgreiningar og nöfn á fjármálaafurðum, s.s. verðbréfum eða afleiðum verða þau sömu.

### Aðferðafræði við mælingu viðskipta

Viðskipti eru skilgreind á sama hátt og í fyrri útgáfu staðalsins. Greiðslujöfnuður við útlönd sýnir viðskipti þar sem innlendir og erlendir aðilar skiptast á verðmætum eða ákveða tilfærslu sín á milli með gagnkvæmu samkomulagi. Viðskiptin eru flokkuð eftir eðli viðkomandi verðmæta, það er að segja í vörur, þjónustu, þáttatekjur, fjárframlög eða fjármálalegar eignir og skuldir. Viðskiptin eru sett fram á vergum grunni (e. gross recording) sem merkir að verðmætin sem aðilar skiptast á eru skráð samkvæmt virði hvers fyrir sig en ekki nettuð hvor á móti öðru. Líkt og í fyrri útgáfu staðalsins eru viðskipti skráð þegar breyting verður á fjárhagslegu eignarhaldi (e. economic ownership) og þjónustu-

1. <http://www.imf.org/external/pubs/ft/bop/2007/bopman6.htm>

2. <https://www.imf.org/external/pubs/ft/bopman/bopman.pdf>

3. <http://unstats.un.org/unsd/nationalaccount/docs/SNA2008.pdf>

4. <http://www.oecd.org/daf/inv/investmentstatisticsandanalysis/40193734.pdf>

viðskipti þegar þjónustan er veitt. Tímasetning viðskipta fer eftir svokölluðum rekstrargrunni (e. accrual accounting) en samkvæmt honum er tímasetningin ákvörðuð af því þegar verðmæti eru sköpuð, þeim umbreytt, þau afmáð eða þegar breyting verður á fjárhagslegu eignarhaldi þeirra. Helstu breytingar á skilgreiningu viðskipta eru í vöru- og þjónustu en nánar er fjallað um áhrif þeirra hér að neðan.

Breyting verður á framsetningu greiðslujafnaðar að því er varðar formerki. Allar stærðir í viðskiptajöfnuði<sup>5</sup> verða nú settar fram með jákvæðu formerki en áður var innflutningur vöru- og þjónustu sem og þáttgjöld sett fram með mínusmerki á undan. Formerkjaregla fjármagnsjafnaðar verður nú einfaldari en áður en nánar verður fjallað um fjármagnsjöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins hér að neðan.

### Flokkunarkerfi

Hugtök í flokkunarkerfi greiðslujafnaðar hafa verið samræmd við þjóðhagsreikninga til að auðvelda samanburð. Þessi breyting er mest áberandi í flokkun eigna og skulda, sem og í viðskipta- og atvinnugreinaflokkun. Breyting á eigna- og skuldaflokkun<sup>6</sup> er aðallega fólgin í nýjum nöfnum en einnig eru teknir upp nýir flokkar sem ekki hafa verið notaðir áður, svo sem lífeyris- og tryggingasjóðir sem nú teljast til fjármáalegra eigna og skulda. Annað hlutfé er einnig nýr flokkur en til hans teljast aðallega eignahlutir ríkisins í erlendum alþjóðastofnunum. Peningamarkaðssjóðir sem áður voru flokkaðir með hlutdeildarskríteinum í verðbréfasjóðum eru nú í sérstökum flokki. Einnig er skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í formi sérstakra dráttarréttinda nú flokkuð sérstaklega en áður var hún talin með öðrum skuldum. Skuldabréf og peningamarkaðsbréf nefnast nú skuldaskjöl og er þeim skipt í langtíma- og skammtímabréf. Auk ofangreindra breytinga er meiri áhersla lögð á að notendur geti glöggvað sig á sambandi milli stöðutalna í erlendri stöðu þjóðarbúsins, fjármagnshreyfinga og þáttatekna. Er það gert með því að samræma flokkun á eigna- og skuldaliðum í erlendri stöðu og fjármagnsjöfnuði við flokkun í þáttatekjum. Það auðveldar notendum að bera saman stöðustærðir, viðskipti og tekjur eða gjöld af viðkomandi lið.

### Bein fjárfesting

Bein fjárfesting er útfærð á annan hátt en áður.<sup>7</sup> Tekin er upp svokölluð eigna- og skuldaaðferð (e. asset and liability principle) í stað fjárfestingastefnuaðferðar (e. directional principle).<sup>8</sup> Eigna- og skuldaliðum hefur verið umrætt þannig að staða og viðskipti milli fjárfestis (e. direct investor) og félags í hans eigu (e. direct investment enterprise)

- Viðskiptajöfnuður og aðrar nettóstærðir verða með sama hætti og áður og geta tekið jákvætt og neikvætt formerki allt eftir niðurstöðu þeirra. Einnig getur endurfjárfesting verið mínustala ef hún er neikvæð.
- Töflur með útlitun á flokkunum má finna í lýsigögnum greiðslujafnaðar <http://www.sedlabanki.is/hagtolur/lysigogn-/greidslujofnudur/>
- Tímamunur verður annarsvegar á innleiðingu fjórðu útgáfu af Benchmark Definition (BD4) í hagtolum greiðslujafnaðar og erlendri stöðu þjóðarbúsins og á hagtolum beinnar fjárfestingar hins vegar. Síðarnefndu tölurnar verða birtar samkvæmt BD4 í september 2015.
- Samkvæmt fjárfestingarstefnuaðferð eru staða og viðskipti, t.d. lánveitingar milli fjárfestis og félags í hans eigu, nettuð og sett fram í greiðslujöfnuði og erlendri stöðu þjóðarbúsins eftir því hvort fjárfestirinn er inn- eða erlendur. Sem dæmi þá væru nettó lánviðskipti milli innlends fjárfestis og erlends félags í hans eigu skráð í eignahlið en aftur á móti lánviðskipti milli erlends fjárfestis og innlends félags í hans eigu sett í skuldahlið.

eru á vergum grunni í stað hreinnar stöðu þeirra í milli. Sem dæmi felur þessi framsetning í sér að lánaskuld (þ.e. framlag frá erlendu félagi til fjárfestis annað en eigið fé) innlends fjárfestis við erlent félag í hans eigu er nú sett fram í skuldahlið erlendar stöðu þjóðarbúsins en ekki nettuð á móti lánakröfum fjárfestisins á erlenda félagið á eignahlið. Einnig er nýmæli að gera sérstaka grein fyrir viðskiptum milli eignatengdra félaga (e. fellow enterprises) en það eru félög sem eru ekki í beinum eignatengslum en tengjast óbeint, t.d. í gegnum sama móðurfélag.<sup>9</sup> Þar að auki verður gerð sérstök grein fyrir stöðu og viðskiptum eignatengdra félaga út frá því hvort endanlegur fjárfestir er innlendir, erlendir eða óþekktur aðili. Síðastnefnda breytingin er talsvert umfangsmikil í framkvæmd en til að rekja endanlegan fjárfesti þarf oft að skoða langa keðju eignatengsla. Seðlabankinn hefur aðlagð gagnasöfnun sína um fyrirtæki í beinni fjárfestingu á þann hátt að unnt sé að greina endanlegan fjárfesti. Stefnt er að birtingu á ofangreindri sundurliðun á síðari hluta ársins 2015.

### Sértæk félög

Auk ofangreindra breytinga eru svokölluð sértæk félög (e. Special purpose entities), sem skráð eru hér á landi nú, talin með í hagtolunum. Félögin hafa ekki verið meðtalin áður en fjöldi þeirra farið minnkandi þar sem mörgum þeirra hefur verið slitið undanfarin ár. Sértæk félög eru félög sem oft eru stofnuð í skattalegum tilgangi og hafa litla eða enga eiginlega starfsemi.<sup>10</sup> Félögin eru að fullu í eigu erlendra aðila og eiga sjálf eignarhlut eða lánakröfur á tengd félög erlendis en engar innlendar eignir. Í raun eru félögin einungis skeljar utan um fjármuni sem flæða í gegnum Ísland og hafa mjög takmörkuð efnahagsleg áhrif. Upplýsingar um sértæk félög hafa verið takmarkaðar en þau gögn sem Seðlabankinn styðst við nú koma frá innlendum skattayfirvöldum, ársreikningaskrá og fulltrúum félaganna hér á landi. Tölurnar sem nú eru birtar ná aftur til ársins 2013. Þær eru til bráðabirgða og munu að öllum líkindum taka breytingum seinna. Þrátt fyrir lítil umsvif sértækra félaga hér á landi og að áhrif þeirra á hagtolurnar segi ekkert til um „raunverulega“ fjárfestingu inn eða út úr landinu verður ekki hjá því komist að telja þau með, því markmið hagtalanna er að mæla heildræna mynd af fjármagnsflæði milli inn- og erlendra aðila. Til að notendur sem vilja horfa framhjá sértækum félögum í hagtolunum geti glöggvað sig á stöðu þjóðarbúsins og flæði í greiðslujöfnuði verður í hagtolubirtingum gerð sérstök grein fyrir umfangi þeirra í skýringarliðum.

### Lífeyris- og tryggingasjóðir

Lífeyris- og tryggingasjóðir<sup>11</sup> hafa skuldbindingar gagnvart þeim sem greitt hafa í sjóðina. Réttindi sjóðfélaga og tryggingartaka eru því

9. Áætlun á umfangi lána milli eignatengdra félaga liggur ekki endanlega fyrir og getur tekið breytingum.

10. Rétt er að benda á að gerður er greinarmunur á sértækum félögum og öðrum félögum sem einnig hafa litla sem enga starfsemi. Slík félög eru meðal annars stofnuð í þeim tilgangi að halda utan um eignarhald á öðru innlendu félagi og eru ekki flokkuð sem sértæk félög í hagtolum.

11. Lífeyris- og tryggingasjóðum er skipt í sex flokka. Upptalningu á þeim er að finna í lýsigögnum greiðslujafnaðar, sjá <http://www.sedlabanki.is/hagtolor/lysigogn-/greiðslujofnudur/>

eignir þeirra en á móti myndast skuld hjá sjóðunum. Eignir sjóðfélaga í lífeyrissjóðum eru ekki endilega jafnar eignum lífeyrissjóðanna því um mismunandi gerðir sjóða er að ræða. Sjóðir geta annað hvort verið réttindatengdir (e. defined benefit) eða iðgjaldatengdir (e. defined contribution). Réttindatengdir sjóðir geta verið tvenns konar, fjármagnaðir (e. funded) eða ófjármagnaðir (e. unfunded). Eign í réttindatengdum sjóðum er reiknuð út frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Sé réttindatengdur sjóður fjármagnaður má ætla að eign sjóðfélaga (tryggingafræðileg staða þeirra) á hverjum tíma sé jöfn markaðsvirði eigna í sjóðnum. Hins vegar þegar um ófjármagnaðan réttindatengdan sjóð er að ræða geta eignir í sjóðnum verið lægri en tryggingafræðileg staða hans en það er á ábyrgð launagreiðenda að brúa bilið sem myndast á milli. Iðgjaldatengdir sjóðir eru alltaf fjármagnaðir og er því eign sjóðfélaga á hverjum tíma jöfn markaðsvirði eigna í sjóðnum. Lífeyrisþegar kunna að vera búsettir í öðru landi en lífeyrissjóðurinn þeirra en þetta á einkum við í tilfellum starfsmanna sem vinna tímabundið í öðrum löndum (e. border workers), fólks sem flyst til annars lands þegar það hefur töku lífeyris, starfsfólks alþjóðastofnana eða starfsmanna fjölþjóðlegra fyrirtækja. Hér á landi er einnig algengt að launþegar greiði í viðbótarlífeyrissjóði sem staðsettir eru erlendis. Allt framangreint hefur áhrif til hækkunar á eignum og skuldum þjóðarbúsins og munu tekjur og gjöld, sem og viðskipti þeim tengd, koma fram í greiðslujöfnuði.

Skaðatryggingarsjóðum má skipta í tvennt. Annars vegar sjóðir fyrir greidd en ótekjufærð iðgjöld (fyrirframgreidd iðgjöld) og hins vegar sjóðir fyrir útstandandi tryggingakröfur sem tryggingafélögin búast við að borga vegna orðinna en óuppgerðra atburða. Sjóðirnir eru skuldir tryggingafélaga en eign tryggingartaka. Áhrif þeirra á hagtolurnar eru sambærileg við áhrif lífeyris-sjóðanna sem lýst er hér að ofan.

### Afleiður

Seðlabankinn hefur fram til þessa ekki safnað sérstaklega gögnum um afleiður í þeim tilgangi að birta í hagtolunum. Hefur gagnasöfnunin takmarkast við vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga sem tengdir eru erlendum lántökum innlendra aðila. Þar sem aðeins var um fáa aðila að ræða var ekki mögulegt að birta afleiðurnar undir sérstökum flokki heldur voru þær flokkaðar með lánnum. Þrátt fyrir framangreint hóf Seðlabankinn gagnasöfnun frá bönkum um mitt ár 2007. Var hún takmörkuð við stöðutölur og mjög afmörkuð í tíma vegna falls bankanna rúmu ári síðar. Þrátt fyrir að afleiðuviðskipti síðustu ára hafi verið takmörkuð og í engri líkingu við það sem var fyrir fall bankanna árið 2008 hefur Seðlabankinn komið á reglulegri gagnasöfnun um afleiðuviðskipti milli inn- og erlendra aðila. Safnað er upplýsingum um skiptasamninga (e. SWAP), framvirka samninga (e. forwards) og valréttarsamninga (e. options) frá aðilum hérlendis sem stunda afleiðuviðskipti. Gögnin sem nú verða birt ná aftur til ársins 2007 en vert er að taka fram að þekjan í gagnasöfnuninni telst frekar lítil fram til ársins 2013.

### Áhrif breytinganna á framsetningu talna um föllnu bankana

Skilgreining á skuld í vanskilum er óbreytt frá fyrri staðli en skuld telst vera í vanskilum ef hún er ógreidd þegar komið er fram yfir upphaflegan gjalddaga. Aðeins sá hluti hennar sem kominn er fram yfir

gjaldlega telst vera í vanskilum. Þrátt fyrir óbreytta skilgreiningu er aðferðafræði breytt í nýja staðlinum sem veldur breytingum á framsetningu skulda hinna föllnu banka. Áhrifin eru að langmestu leyti á fjármagnsjöfnuðinn en samkvæmt nýja staðlinum á einungis að mæla endurgreiðslur skulda í fjármagnsjöfnuði þegar þær hafa verið gerðar upp eða þegar greitt er inn á skuld. Þá er átt við að hún hafi verið greidd, endurfjármögnuð með öðru láni eða gefin eftir af lánardrottnum. Samkvæmt fyrri staðli átti að mæla samningsbundnar afborganir og vexti sem voru í vanskilum samkvæmt upphaflegum skilmálum og „búa til“ nýja skammtímaskuld til mótvægis. Með því að undanskilja ofangreindar fjármagnshreyfingar, sem einungis voru reiknaðar stærðir en ekki raunveruleg tilfærsla fjármagns á skuldum innlánsstofnanna í slitameðferð, verður útkoman mun „hreinni“ fjármagnsjöfnuður en áhrifin á nettó niðurstöðu verða engin. Með þessu verður auðveldara fyrir notendur að átta sig á raunverulegum fjármagnshreyfingum milli innlendra og erlendra aðila. Áhrif breyttrar meðhöndlunar á skuldum í vanskilum eru mun minni á erlenda stöðu þjóðarbúsins. Einungis verður um að ræða tilfærslu á skuldum sem áður höfðu fallið á gjaldlega og færðar undir skammtímaskuldir en þær munu færast aftur undir upphaflegan skuldalið. Ofangreindar breytingar hafa ekki áhrif á þáttatekjur.

## Viðskiptajöfnuður

### Vöru- og þjónustuviðskipti

Helstu áhrif breytinganna á viðskiptajöfnuð munu verða í vöru- og þjónustuviðskiptum. Líkt og í fyrri útgáfu staðalsins eru viðskipti skráð þegar breyting verður á fjárhagslegu eignarhaldi (e. economic ownership) og sem þjónustuviðskipti þegar þjónustan er veitt. Aftur á móti eru undantekningar á þessari reglu í fimmtu útgáfunni. Ein þeirra varðar vörur til vinnslu (e. goods for processing) en vörur sem fluttar eru á milli landa til frekari vinnslu töldust með vöruviðskiptum. Í sjöttu útgáfu staðalsins eru slíkar vörur aftur á móti ekki taldar til vöruskipta nema breyting verði á eignarhaldi þeirra frá erlendum aðila til innlands eða öfugt. Þess í stað er þjónustugjaldið sem tekið er fyrir vinnslu vörunnar skráð sem framleiðsluþjónusta (e. manufacturing services). Þannig eru áhrifin af viðskiptum skráð á tímabilið þar sem þau eiga sér stað.

Einnig er breyting í sjöttu útgáfu staðalsins er varðar milliliðaverslun (e. merchanting) sem telst ekki lengur með þjónustuviðskiptum heldur vöruviðskiptum. Til milliliðaverslunar teljast, svo dæmi séu tekin, viðskipti innlendra aðila með vörur sem ekki koma til Íslands. Sem dæmi má hugsa sér að innlent fyrirtæki kaupi vörur frá Þýskalandi og selji þær áfram beint til kaupanda í Danmörku án viðkomu á Íslandi. Við kaupin á vörnum er færður útflutningur í vöruviðskipti með neikvæðu formerki. Síðar þegar varan er seld er færður útflutningur í vöruviðskipti á hefðbundinn hátt (með jákvæðu formerki). Mismunur á kaup- og söluvirði kemur fram undir liðnum *Útfluttar vörur vegna milliliðaverslunar*, nettó. Mismunurinn getur endurspeglad hagnað milliliðarins, ágóða vegna verðhækkunar, tap vegna verðlækkunar eða breytingu á birgðum. Ef um tap er að ræða eða hækkun á birgðum getur nettóútflutningur vara vegna milliliðaverslunar verið neikvæður í einhverjum tilfellum.



Fram til þessa hafa tölur um inn- og útflutning á vörum verið teknar óbreyttar úr hagtölum utanríkisverslunar sem Hagstofa Íslands hefur umsjón með. Við staðlabreytingarnar sem nú eru kynntar verður breyting þar á. Segja má að eftir þessar breytingar verði munurinn á tölunum sá að utanríkisverslun mælir inn- og útflutning á vörum sem efnislega eru fluttar til og frá landinu. Í uppgjöri greiðslujafnaðar mun Seðlabankinn aftur á móti taka mið af hvort breyting verður á eignarhaldi vörunnar milli inn- og erlendra aðila við mælingu á inn- og útflutningi vöru. Eftir sem áður verða tölur frá Hagstofunni notaðar við uppgjör á greiðslujöfnuði en þær aðlagaðar greiðslujafnaðargrunni. Taflan hér að neðan sýnir breytingar sem gerðar eru á utanríkisverslunartölum til að aðlaga þær greiðslujafnaðargrunni. Veigamesti munurinn er í framleiðsluþjónustu á vörum í eigu annarra (e. manufacturing services) en þjónustuna framkvæmir aðili sem er ekki eigandi vörunnar heldur fær einungis greitt fyrir frekari vinnslu hennar (virðisauka vörunnar á meðan hún er í viðkomandi landi). Gjaldið sem framleiðandinn fær telst með þjónustuviðskiptum en verðmæti vörunnar sjálfrar er ekki talið með í viðskiptajöfnuði þar sem engin breyting verður á eignarhaldi.

#### Tafla 1 Mismunur á vöruskiptum í hagtölum utanríkisverslunar og greiðslujafnaðar

##### Útfluttar vörur

- + Útflutningur á greiðslujafnaðargrunni
- + Útflutningur samkvæmt utanríkisverslun
- Vörur sem sendar eru erlendis eða skilað eftir vinnslu án breytingar á eignarhaldi
- + Vörur seldar til annars lands eftir að hafa verið í vinnslu erlendis
- + Kostur og olía
- + Smygl á vörum
- Vörum skilað
- + Útfluttar vörur vegna milliliðaverslunar, nettó
- + Vörukaup vegna milliliðaverslunar (neikvæðar tekjur)
- + Vörusala vegna milliliðaverslunar

##### Innfluttar vörur

##### Innflutningur á greiðslujafnaðargrunni

- + Innflutningur samkvæmt utanríkisverslun
- Vörur sem innfluttar eru til vinnslu án breytingar á eignarhaldi
- + Vörur frá öðrum löndum til vinnslu erlendis
- + Kostur og olía
- + Smygl á vörum
- Vörum skilað

Virði vara sem þjónustuaðilinn fær sendar til sín til frekari vinnslu hér á landi er dregið frá innflutningi og að sama skapi undanskilið í útflutningi þegar þeim er skilað til útlanda eftir vinnsluna. Á sambærilegan hátt eru vörur sem innlendur aðili sendir til útlanda til frekari vinnslu dregnar frá útflutningi og síðar innflutningi þegar þeim er skilað eftir vinnslu. Aðrir þættir sem hafa áhrif eru áætlað verðmæti vara sem smyglað er til og frá landinu sem teljast nú hluti af inn- og útflutningi á vörum. Einnig er verðmæti vöru sem ferðamenn kaupa og taka með sér til síns heima sem er umfram tollfrjálst hámark, nú talið með sem vöruviðskipti í stað ferðaþjónustu áður. Vörur sem framleiddar eru erlendis og hafa áður verið fluttar inn til landsins á að flokka sérstaklega sem endurútflutning ef þær eru fluttar aftur út í sama eða mjög lítið breyttu ástandi. Ljóst er af ofangreindu að ekki verður fullkomið samræmi milli inn- og útflutnings á vörum milli hag-



talna greiðslufafnaðar og utanríkisverslunar eins og verið hefur. Til að koma til móts við notendur mun Seðlabankinn birta ofangreinda töflu til að sýna mismun milli þessara tveggja stærða.

### Frumþáttatekjur

Til samræmis við þjóðhagsreikninga verður nafnið frumþáttatekjur (e. primary income) notað í stað þáttatekna (e. income) áður. Vextir af inn- og útlánum fjármálafyrirtækja verða samkvæmt nýja staðlinum mældir sem hreinir vextir í þáttatekjum, þ.e. að fráðreginni óbeint mældri fjármálaþjónustu (e. Financial Intermediation Services Indirectly Measured, FISIM). Tilgangurinn með þessari breytingu er að mæla þann óbeina kostnað sem lántakendur greiða í formi hærri vaxta í stað þess að greiða sérstök þjónustugjöld til lánveitandans. Að sama skapi fá innstæðueigendur greidda vexti af innstæðum sínum að fráðregnu gjaldi fyrir þjónustuna. Á þennan hátt er þjónustuhluti vaxta skilinn frá og skráður sem fjármálaþjónusta. Vextir að meðtalinni óbeint mældri fjármálaþjónustu verða sýndir sem sérstakur skýringarliður.

Aðrar breytingar á þáttatekjum eru þær helstar að tekjur verðbréfasjóða í þágu eigenda ná nú einnig til endurfjárfestingar líkt og í beinni fjárfestingu. Endurfjárfesting af eign í verðbréfasjóðum verður því meðhöndluð á sama hátt og endurfjárfesting í beinni fjárfestingu. Hagnaður sjóðanna sem ekki er greiddur út í formi arðgreiðslna telst endurfjárfestur í sjóðunum. Ef dæmi er tekið um endurfjárfestingu af eign í erlendum verðbréfasjóði þá er hún færð í þáttatekjur sem tekjur<sup>12</sup> og á móti í fjármagnsjöfnuð sem hækkun á erlendri eign. Einnig verða tekjur af gjaldeyrisforða sérstaklega sundurliðaðar í þáttatekjum en áður voru þær taldar með öðrum vöxtum. Tekjur lífeyris- og skaðabótasjóða í þágu rétthafa eru skráðar í frumþáttatekjur enda er litið svo á að eignir sjóðanna séu skuldbindingar við sjóðfélaga og þannig á endanum eign þeirra. Reiknuð hlutdeild erlendra sjóðsfélaga í tekjum íslenskra lífeyrissjóða er skráð í þáttatekjujöfnuð sem gjöld. Að sama skapi eru reiknaðar tekjur innlendra einstaklinga á eign þeirra í erlendum lífeyrissjóðum og þær skráðar sem tekjur. Sama á við um skaðatryggingarsjóði tryggingarfélaga en hlutdeild erlendra aðila í sjóðum innlendra tryggingarfélaga og innlendra aðila í sjóðum erlendra tryggingarfélaga er skráð í þáttatekjur á sama hátt og lífeyriseignin.

Launatekjur eru taldar fram á vergum grunni<sup>13</sup> en áður voru laun skráð nettó þ.e. laun fyrir skatta og að meðtöldum launatengdum gjöldum atvinnurekanda sem og eigin framlag launþega til lífeyrissjóða. Áhrif þessa gætir í töluvert hærri tölum fyrir launatekjur og gjöld í þáttatekjujöfnuði. Að auki hefur verið aukið við gagnasöfnun vegna launatekna en Seðlabankinn styðst nú við gögn frá Ríkisskattstjóra sem unnin eru úr skattframtölum einstaklinga. Áhrif þessa eru töluvert nákvæmari tölur en áður sem leiða til mun hærri talna um launatekjur einstaklinga.

12. Til útskýringar er hér tekið einfalt dæmi þar sem hagnaður er af rekstri erlends verðbréfasjóðs. Sé aftur á móti tap á rekstri sjóðs verður til svokölluð neikvæð endurfjárfesting sem færast sem neikvæðar tekjur (með neikvætt formerki) í þáttatekjur og á móti sem lækkun á erlendri eign í fjármagnsjöfnuði.

13. Samkvæmt fyrri staðli átti einnig að telja laun fram á vergum grunni. Því er ekki um að ræða staðlabreytingu heldur aðlögun að rétttri aðferðafræði.

### Rekstrarframlög

Rekstrarframlög (e. secondary income) eru skilgreind á ítarlegri átt en áður. Þau skiptast í framlög milli einstaklinga (e. personal transfers) og önnur framlög (e. other current transfers). Framlög milli einstaklinga eru skilgreind mun víðar en áður en þau taka til allra peningasendinga milli einstaklinga sem hafa búsetu í sínu hvoru landinu. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hver uppruni peninganna er né heldur hvert sambandið milli sendanda og viðtakanda er. Áður voru framlög einstaklinga takmörkuð við framlög launafólks (e. workers' remittances) til einstaklinga þeim tengdum. Samhliða þessari útvíkkun á skilgreiningu hefur verið aukið við gagnasöfnun vegna framlaga og safnar Seðlabankinn nú mun víðtækari gögnum um millifærslur einstaklinga til og frá útlöndum. Áhrif þessa eru nákvæmari tölur en áður sem leiða til hærri talna um framlög einstaklinga. Þrátt fyrir aukna þekju í gagnasöfnun verður þessi liður líklega aldrei mældur fullkomlega. Til að mynda er ekki einfalt að mæla tilfærslur á fjármunum í formi reiðufjár.

Það sama á við önnur framlög og framlög milli einstaklinga að aukið hefur verið við gagnasöfnunina. Önnur framlög eru því töluvert hærri en áður. Safnað er gögnum um framlög til þróunarmála, auk framlaga ríkisins, framlaga frá frjálsum félagasamtökum svo sem hjálparsamtökum og ýmsum góðgerðarsamtökum. Hér er um að ræða heildarframlög og bæði rekstrarframlög (e. current transfers) og fjárframlög (e. capital transfers) frjálsra félagasamtaka. Framlög frá Íslandi til þróunarmála erlendis eru því mæld af mun meiri nákvæmni en áður. Auk framlaga til þróunarmála ná önnur framlög til greiðslna launþega í lífeyrissjóði sem og til greiðslna sjóðanna til eftirlaunþega. Það sama á við um greiðslur launþega til almannatrygginga sem og greiðslur úr almannatryggingum til einstaklinga í formi elli- eða örorkulífeyris, sjúkradagpeninga o.s.frv. Endurgreiðslur hins opinbera af skatti til erlendra aðila svo sem endurgreiðslur af virðisaukaskatti til ferðamanna og vegna kvikmyndagerðar á Íslandi eru nú taldar með framlögum. Einnig teljast iðgjöld og kröfur vegna skaðatrygginga til annarra framlaga.

## Fjármagnsjöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins

Í fjármagnsjöfnuð eru skráð viðskipti milli inn- og erlendra aðila með fjármálalegar eignir og skuldir. Formerkjareglan er nú einfaldari en áður en tölur með jákvæðu formerki tákna hækkun eigna eða skulda og tölur með neikvæðu formerki tákna lækkun.<sup>14</sup> Sé heildarjöfnuður með jákvæðu formerki merkir það nettólánveitingu (e. net lending) þjóðarbúsins til erlendra aðila og að sama skapi merkir neikvætt formerki nettólántöku<sup>15</sup> (e. net borrowing). Tekin hafa verið upp ný hugtök í fjármagnsjöfnuði. *Hrein viðskipti með eignir* (e. net acquisition of financial assets) og *hrein viðskipti með skuldir* (net incurrence of

14. Í fimmtu útgáfu staðalsins táknaði jákvætt formerki lækkun eignahliðar en hækkun skuldahliðar. Neikvætt formerki táknaði hækkun eignahliðar en lækkun skuldahliðar. Formerki á heildarjöfnuði táknar það sama og áður.

15. Þrátt fyrir nafngiftina eru nettólánveiting og lántaka hugtök sem ná einnig til hlutfjár, afleiða jafnt sem lána. Nettólánveiting getur stafað af aukningu á erlendra eign jafnt sem lækkun á erlendra skuld. Að sama skapi getur nettólántaka skýrst af hækkun erlendra skulda jafnt sem lækkun eigna. Nettólántaka skýrist af hækkun erlendra skulda jafnt sem lækkun eigna.

liabilities) koma í stað þess að tala um inn- og útfærði fjármagns. Það er gert meðal annars til að undirstrika að fjármagnsjöfnuður mælir ekki fjármagnshreyfingar milli landa heldur viðskipti milli innlendra og erlendra aðila.

Í nýju stöðlunum er lögð aukin áhersla á að útskýra breytingar á erlendum eignum og skuldum milli tímabila. Seðlabankinn mun birta neðangreinda töflu fyrir hvern ársfjórðung sem sýnir breytingar á helstu eigna- og skuldaliðum erlendra stöðu þjóðarbúsins eftir því hvort þær megi rekja til viðskipta í fjármagnsjöfnuði, gengis- og verðbreytinga eða annarra breytinga. Ýmsar ástæður geta verið fyrir öðrum breytingum en þannig getur ósamræmi í gögnum um stöðutölur annars vegar og í gögnum um viðskipti hins vegar leitt til óútskýrðs mismunar. Einnig eru tilfelli þar sem ekki liggja fyrir nein gögn um viðskipti<sup>16</sup> en í þeim tilfellum er beitt aðferðum til að áætla viðskiptin og er iðulega stuðst við meðaltöl (gengis og/eða verðs) sem getur leitt til óútskýrðs mismunar. Því meiri sveiflur á gengis- og verðbréfamörkuðum innan ársfjórðungs þeim mun erfiðara er að áætla rétt virði viðskipta.

Tafla 2 Afstemming erlendra stöðu þjóðarbúsins

Ma.kr.	Staða í lok Q1 2014	Fjármagnsjöfnuður	Gengisverðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q2 2014
Erlendar eignir, alls	5.340	51	17	8	5.415
Bein fjárfesting	2.129	10	-3	0	2.137
Verðbréf	1.214	32	26	-2	1.271
Afleiður	3	0	-2	0	2
Annað fjármagn	1.525	-3	-5	8	1.525
Gjaldeyrisforði	468	12	0	0	481
Erlendar skuldir, alls	12.878	31	-47	35	12.898
Bein fjárfesting	1.959	17	-8	3	1.971
Verðbréf	5.546	32	8	-2	5.584
Annað fjármagn	5.368	-18	-46	34	5.337
Hrein staða þjóðarbúsins	-7.538	19	64	-27	-7.483

### Endurskoðunarátætlun


Hagtölur eru birtar fjórum sinnum á ári, um það bil tveimur mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs. Í flestum tilfellum falla birtingarnar til í byrjun mars, júní, september og desember. Fram til þessa hefur Seðlabankinn ekki fylgt sérstakri reglu um endurskoðun á áður birtum hagtölum heldur hafa tölur verið endurskoðaðar við fyrsta tækifæri þegar nýjar upplýsingar hafa legið fyrir. Samhliða innleiðingu á nýjum stöðlum verður hins vegar sú breyting á endurskoðunarátætluninni að hagtölur greiðslujafnaðar og erlendra stöðu þjóðarbúsins verða framvegis endurskoðaðar samkvæmt fyrirfram skilgreindri átætlun eins og fram kemur í töflunni hér að neðan. Endurskoðunarátætlunin er sett fram til að notendur hagtalna geti betur áttað sig á hvenær gera megi ráð fyrir að áður birtar tölur breytist. Áætlanin eru í samræmi við tímasetningu upplýsinga, til að mynda niðurstöður úr ársreikningum fyrirtækja.

Tafla 3 Endurskoðunarátætlun

	Mars	Júní	September	Desember
Endurskoðun	15 ársfjórðungar	4 ársfjórðungar	17 ársfjórðungar	6 ársfjórðungar


16. Sem dæmi má nefna gögn frá innlánsstofnunum en Seðlabankinn safnar einungis stöðustæðum úr efnahag þeirra en ekki upplýsingum um viðskipti með eignir og skuldir.

Mynd 1  
Áhrif á viðskiptajöfnuð 2000-2013



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 2  
Áhrif breytinganna á erlenda stöðu þjórðarbúsins 2000-2013



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Áhrif breytinganna

Áhrif ofangreindra staðlabreytinga eru nokkuð viðtæk. Þær hafa hins vegar svipuð áhrif á tekju- og gjaldahlið viðskiptajafnaðar sem og eigna- og skuldahlið erlendar stöðu þjórðarbúsins. Breytingin hefur mest áhrif á hagtolur árunum 2007-2013 en minni á árin þar á undan.

Áhrif breytinganna á viðskiptajöfnuð árunum 2000-2013 sem eru sýnd á mynd 1 eru allt frá því að vera neikvæð um sem nemur 0,3% af landsframleiðslu í að vera jákvæð um 2%. Á fyrri hluti tímabilsins, árin 2000-2007, er afgangur af viðskiptajöfnuði minni en samkvæmt fyrri tölum sem nemur 0,1-0,3% af landsframleiðslu. Hins vegar sýna nýjar tölur betri stöðu á árunum 2008-2013 um sem nemur 0,7-2% af landsframleiðslu. Lakari niðurstöðu á árunum 2000-2006 má helst rekja til þess að launatekjur erlendra einstaklinga hér á landi eru nú taldar hærrí en áður. Skýrist það að mestu af því að laun eru nú talin fram á vergum grunni en einnig hefur Seðlabankinn aukið við gagnasöfnun sína eins og rakið var hér að framan. Þar að auki sýna ný gögn frá ríkisskattstjóra að Íslendingar fengu nokkru lægri laun erlendis á árunum 2000-2006 en áður hafði verið áætlað.<sup>17</sup> Á tímabilinu 2008-2013 voru launatekjur Íslendinga erlendis hins vegar töluvert meiri en áður var talið eða sem nemur 0,3-0,8% af landsframleiðslu. Nýjar tölur um vöru og þjónustuviðskipti frá Hagstofu Íslands hafa hins vegar mest áhrif á niðurstöðu viðskiptajafnaðar árin 2008-2013 eða sem nemur 0,1-1,4% af landsframleiðslu.

Áhrif breytinganna á erlenda stöðu þjórðarbúsins eru töluverð. Langmest áhrif hafa svokölluð sértæk félög en eignir þeirra námu 518 ma.kr. í lok árs 2013. Skuldir þeirra námu hins vegar 521 ma.kr. á sama tíma og eru nettóáhrif þeirra því einungis um 3 ma.kr. eða um 0,2% af landsframleiðslu. Svipuð áhrif verða við það að nota eigna- og skuldaaðferð fyrir beina fjárfestingu en hún hefur í för með sér um 160 ma.kr hækkun bæði eigna- og skuldamegin en áhrif á hreina erlenda stöðu eru hins vegar engin. Á mynd 2 eru sýndir þeir liðir sem hafa í för með sér breytingu á hreinni erlendri stöðu árunum 2000-2013. Samanlögð áhrif eru allt frá því að vera neikvæð um sem nemur 3,3% af landsframleiðslu árið 2008 í að vera jákvæð um 3,4% árið 2000. Hrein staða versnar á tímabilinu um 0,2-2% af landsframleiðslu við það að lífeyris- og tryggingarsjóðum er bætt við og eru áhrifin mest á árunum 2010-2013. Afleiður hafa frekar lítil áhrif, að árunum 2007 og 2008 undanskildum, en hrein staða mælist 0,6% meiri sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árið en 0,7% minni seinna árið. Hrein staða batnar mest vegna breytinga á erlendum innstæðum einstaklinga og annars hlutafés en samanlögð áhrif þeirra eru að jafnaði 0,9% af landsframleiðslu á umræddu tímabili. Innstæður einstaklinga hafa lítil áhrif framan af tímabilinu en frá árinu 2007 aukast þau til muna og má að mestu rekja það til veikari stöðu íslensku krónunnar.

17. Hér er aðeins fjallað um gögn aftur til ársins 2000. Áhrifin ná hinsvegar til ársins 1995 en hagtolurnar eru umreiknaðar samkvæmt nýjum stöðlum aftur til þess árs.